



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Hildur Njarðvík
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2001
Tilvísun : 2001110016

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40, 1992, bætist ný málsgrein, sem hljóði svo:

Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Þá er gert ráð fyrir að við 1. málslíð 4. mgr. 210. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 39, 2000, bætist:

eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

Varðandi breytingu á 202. gr. hegningarlaganna er í greinargerð með frumvarpinu vísað til líkra lagabreytinga á Norðurlöndum. Er vitnað til þess að í athugasemdum með frumvörpum til laga í Noregi, Danmörku og Finnlandi um slík ákvæði þar, komi m.a. fram, að gera verði greinarmun á því hvort börn stundi vændi eða fullorðnir. Börn hafi venjulega ekki nægan þroska til að meta áhrif gerða sinna til lengri tíma, auk þess sem hættara sé við að þau séu misnotuð af vændismiðlurum.

Ef byggt er á sams konar sjónarmiðum í frumvarpi þessu, um að börn yngri en 18 ára hafi ekki nægan þroska til að meta áhrif gerða sinna til lengri tíma, verður að minna á að í 14. gr. hegningarlaganna er gert ráð fyrir því að börn, 15 ára og eldri, eru talin hafa nægan þroska til að meta gerðir sínar til lengri tíma, svo notað sé fyrrnefnt orðalag, þ.e. þau hafa nægan þroska skv. hegningarlögum til að sæta refsíabyrgð vegna gerða sinna. Getur því hæglega komið upp sú staða, að sá sem brýtur gegn því ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir að verði að lögum, sé yngri en 18 ára. Þar verður því um mismunandi "þroskastig" einstaklinga að ræða skv. hegningarlögum, þ.e. gerandinn, þó yngri sé, hafi meiri þroska en sá sem kynlífsþjónustan er keypt af. Sama getur átt við um önnur ákvæði í XXII. kafla hegningarlaganna.

Að öðru leyti er Barnaverndarstofa hlynnt þeirri breytingu á ákvæðinu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Barnaverndarstofa fagnar þeirri breytingu á refsiramma 4. mgr. 210. gr. laganna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þó verður að gera athugasemdir við að fangelsi allt að 2 árum takmarkist við að brot sé stórfellt. Í greinargerð með



frumvarpinu kemur fram, að eingöngu sé lagt til að fangelsisrefsing verði dæmd þegar brot sé stórfellt, en mat á því ráðist einkum af grófleika og magni efnis í hverju tilviki fyrir sig.

Um þetta verður að taka fram, að barnaklám er refsivert "per se" og það er gróft í eðli sínu. Það er því ekki hægt að tala um "vægt" eða "minni háttar" barnaklám. Það er refsivert skv. 4. mgr. 210. gr. hegningarlaga að flytja inn eða hafa í vörslum sínum ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Ef ekki leikur vafi á að myndir sýni slíkt efni, er það gróft. Verður að telja, að leiki vafi á því að myndir af börnum séu klámfengnar eða kynferðislegar, verði ekki ákært fyrir innflutning eða handhöfn slíkra mynda. Þá verður magn efnis, sem sýnir barnaklám, að teljast matskennt og tilviljunarkennt.

Algengustu brot, sem varða barnaklám, sem ákært og dæmt hefur verið fyrir, er dreifing slíks efnis á rafrænan hátt, þ.e. með tölvupósti eða á ákveðnum síðum á internetinu, sbr. 2. mgr. 210. gr. laganna. Í því ákvæði er refsiramminn, að því er varðar dreifingu á klámi, þ.m.t. barnaklámi, sá sami og gert er ráð fyrir að verði í 4. mgr. ákvæðisins, án þess að þar sé gerð krafa um að refsivist sé háð því að brot sé stórfellt.

Að þessu virtu verður að taka afstöðu til þess, hvort frumvarpið gerir ráð fyrir að brot skv. 2. mgr. 210. gr. laganna séu alvarlegri en brot skv. 4. mgr. 210. gr. Það getur varðað refsingu skv. 4. mgr. 210. gr. að taka við og geyma myndir, sem dreift hefur verið á rafrænan hátt, þ.e. svo refsivert sé skv. 2. mgr. 210. gr. Ef refsing er háð magni, verður að liggja fyrir hvort magnið felst í hversu víða efni, sem sýni barnaklám, hafi verið dreift á rafrænan hátt, og sem refsivert er skv. 4. mgr. 210. gr. að taka við og geyma í tölvu sinni eða prenta út án frekari dreifingar þess, eða hvort það er háð því hversu margar myndir sé um að ræða sem dreift hafi verið á þann hátt. Er það stórfellt brot að viðkomandi hafi í fórum sínum mikinn fjölda tímarita eða ljósmynda sem sýni barnaklám, sem ekki fari úr hans vörslum? Ef svo er, felst stórfellt brot í fjölda mynda án dreifingar? Hvað þarf fjöldinn að vera mikill? Að því er innflutning varðar, sem einnig er refsiverður skv. 4. mgr. 210. gr., er spurning hvort það sé stórfellt brot að flytja inn efni sem inniheldur barnaklám og hvort það skipti máli hversu mikið er flutt inn? Hvað þarf magnið af innfluttu efni að vera mikill svo að um stórfellt brot sé að ræða?

Að ofan var haldið fram þeirri skoðun, að barnaklám væri gróft í eðli sínu. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að grófleikinn væri unnt að meta, þ.e. að til væri vægari útgáfa af barnaklámi. Þá þarf að liggja fyrir, hvernig grófleikinn er mældur, og hversu gróft brot þurfi að vera, svo að um stórfellt brot sé að ræða. Er það stórfellt brot að sýna ungabarn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, þ.e. að mynd beinist að kynfærum þess, eða er það stórfellt brot að fullorðnir handleiki barnið á kynferðislegan eða klámfenginn hátt? Er það stórfellt brot að sýna mök við stálpaðra barn? Er það stórfellt brot að sýna stálpað barn á klámfenginn hátt, þ.e. að mynd beinist að kynfærum þess? Hvað af þessum dæmum er stórfellt og hvað ekki? Er hægt að meta grófleika barnakláms?

Að öllu þessu virtu, gerir Barnaverndarstofa að tillögu sinni að orðin "*ef brot er stórfellt*" verði felld á brott úr frumvarpinu, og að það verði lagt í hendur dómara að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort brot varði sektum eða refsivist eins og í öðrum málsgreinum 210. gr.



Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Elísa Vigdís Hallvarðsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 127/157
komudagur 20.11.2001

DÓMSTÓLARÁÐ

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík


Reykjavík, 19. nóvember 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisafbrot gegn börnum).

Með bréfi dagsettu 8. nóvember sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp. Dómstólaráð hefur tekið frumvarpið til skoðunar og fjallaði um það á fundi sínum 9. nóvember sl.

Dómstólaráð mælir með samþykki frumvarpsins.

F.h. Dómstólaráðs


Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Aðsetur og pósthfang:
Dómstólaráð
Dómhúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Sími:
551 2900
Netfang:
domstolarad@tmd.is

Bréfsími:
551 2905

Kennitala:
410798-3449

Alþingi
Erindi nr. þ 127/273
komudagur 28.11.2001



Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. nóvember 2001.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum). 127. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 192 - 185. mál

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 8. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur skoðað efni frumvarpsins og leggst ekki gegn þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Hins vegar leyfir nefndin sér að benda á að þar sem heildarendurskoðun fer nú fram á XXII. kafla umræddra laga væri heppilegra að taka tillögur um breytingar á einstökum ákvæðum kaflans inn í þá vinnu.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/271
komudagur 28.11.2001



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

ES/gij

Reykjavík, 28. nóvember 2001.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 8. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 185. mál, kynferðisbot gegn börnum. Um er að ræða frumvarp til breytinga annars vegar á 202.gr. og hins vegar á 210.gr. laganna. Frumvarpið hefur verið yfirfarið af hálfu embættisins.

Embættið er efnislega sammála því að umræddar breytingar nái fram að ganga og tekur í meginatriðum undir þann rökstuðning sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu.

Þó þykir ástæða til að gera eina athugasemd varðandi orðalag 1.gr. frumvarpsins með hliðsjón af eftirfarandi fullyrðingu sem fram er sett í II. kafla athugasemdanna (bls. 3): “Engu breytir um refsinemi verknaðar hvort endurgjald er greitt af geranda eða þriðja manni.” Orðalag 1.gr. frumvarpsins sýnist gera ráð fyrir því að sá sem greiðir sé sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barnið eða ungmennið og verður ekki séð að þar sé gert ráð fyrir “þriðja manni”. Ef það er vilji Alþingis að svo verði sýnist þurfa annað orðalag, t.d. á þennan veg: ... gegn því að greiðandi eða annar maður hafi við það samræði


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/39!
komudagur. 7.12.2001

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 6. desember 2001

Tilvísun: 2001110071

164

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Varðar umsögn um frumvarp til breytinga á alm.hgl. 127. löggj.þ. mál 185

Ríkislögreglustjóranum barst 9. nóvember sl. til umsagnar frumvarp að breytingum á 202. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, mál 185 á yfirstandandi þingi.

Yður tilkynnist að Ríkislögreglustjórinn gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta, en vill þó benda á að við breytingar þær sem lagðar eru til á 4. mgr. 210. gr. hgl. kunni að vera rétt að taka mið af 2. mgr. 9. gr. sáttmála Evrópuráðsins um brot á internetinu og í tölvum (Convention on Cyber-Cryme). Í 9. gr. sáttmálans eru gerð grein fyrir þeim lágmarks refsíákvæðum sem aðildarríkin undirgangast að setja inn í löggjöf sína varðandi barnklám. Sáttmálinn sem var lagður fram til undirritunar í Bútapest í lok nóvember sl. hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu, en það er væntanlegt.

f.h. RLS


Helgi Magnús Gunnarsson lögl. fulltr.

RÍKISSAKSÓKNARI


Alþingi
Erindi nr. P 127/164
komudagur 20.11.2001

RH/ama
B. 970/01

Reykjavík, 19. nóvember 2001

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis dags. 8. þ.m., frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 185. mál, kynferðisbrot gegn börnum.

Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir tillögur sem felast í frumvarpinu.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/156
komudagur 20.11.2001

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík, 19. nóvember 2001
Tilvísun: UB 0111/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 185. mál, kynferðisbrot gegn börnum

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 8. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp.

Ég lýsi yfir ánægju minni með framkomið frumvarp, sem miðar að ríkari refsivernd barna gegn kynferðisbrotum. Mikilvægi þeirrar verndar er óumdeilt og tel ég frumvarpið skref í þá átt að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 19. gr. sáttmálans kemur fram, að aðildarríki skuldbindi sig til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun.

Með þessum orðum fagna ég framkomnu frumvarpi og vænti þess að það verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Lindal